



## VERKALÝÐSFÉLAG AKRANESS

SUNNUBRAUT 13 – 300 AKRANES  
SÍMI 430 9900 – FAX 430 9901  
KENNITALA 680269-6889 – www.vlfa.is

**N1**  
**b.t. stjórnar**  
**Dalvegi 10-14**  
**201 Kópavogur**

Akranesi, 1. september 2009

### Áskorun

Undirritaður vill fyrir hönd stjórnar Verkalýðsfélags Akraness lýsa yfir ánægju með þá staðreynd að N1 hafi skilað 474,2 milljónum í hagnað eftir skatta á fyrstu sex mánuðum þessa árs. Það er mjög mikilvægt fyrir starfsmenn að afkoma fyrirtækisins sé þetta jákvæð og að útlit sé fyrir að afkoma þessa árs verði betri en á árinu 2008 eins og segir í tilkynningu frá fyrirtækinu.

Eins og stjórn N1 er eflaust kunnugt um þá hafa samninganefndir Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins í tvígang frestað launahækkunum sem um var samið 17. febrúar 2008. Þessar launahækkanir áttu að taka gildi 1. mars 2009 og áttu að nema 13.500 kr. hjá starfsfólki sem starfar eftir taxtakerfi og 3,5% hækkun til þeirra sem ekki starfa eftir slíku taxtakerfi.

Fyrri samkomulag ASÍ og SA var gert 25. febrúar 2009. Í því samkomulagi var kveðið á um að launahækkunum yrði frestað til 1. júlí 2009.

Aftur var gengið frá samkomulagi um frestun þann 25. júní 2009 og gekk það samkomulag út á að helmingurinn af 13.500 kr. hækkuninni, sem upphaflega átti að taka gildi 1. mars, kæmi til framkvæmda 1. júlí 2009. Hinn helmingurinn á að taka gildi 1. nóvember nk. Einnig var 3,5% launahækkuninni frestað til 1. nóvember nk.

Verkalýðsfélag Akraness studdi ekki meirihluta verkalýðshreyfingarinnar um að fresta áður umsömdum launahækkunum. Rök félagsins voru þau að til væru fyrirtæki sem gætu staðið við gerða kjarasamninga og þá sérstaklega fyrirtæki sem starfa í útflutningi og fyrirtæki sem hefðu möguleika á að varpa vanda sínum út í verðlagið.



## VERKALÝÐSFÉLAG AKRANESS

SUNNUBRAUT 13 – 300 AKRANES  
SÍMI 430 9900 – FAX 430 9901  
KENNITALA 680269-6889 – [www.vlfa.is](http://www.vlfa.is)


Rétt er að geta þess að fjölmörg fyrirtæki hafa tekið ákvörðun um að standa við þann kjarasamning sem undirritaður var 17. febrúar 2008 þrátt fyrir áður nefnd samkomulög. Nægir að nefna HB Granda og allflest stærstu sjávarútvegsfyrirtæki landsins auk fjölda annarra smærri fyrirtækja. Allt voru þetta fyrirtæki sem höfðu fjárhagslega burði til að standa við gerða kjarasamninga, enda voru samningarnir frá 2008 afar hófstilltir.

Í ljósi þess að N1 skilar ágætis afkomu fyrir síðastliðið ár skorar stjórn Verkalýðsfélags Akraness á stjórn N1 að greiða starfsmönnum fyrirtækisins þær launahækkanir sem áttu að koma til framkvæmda 1. mars sl.

Það liggur fyrir að greiðslubyrði verkafólks hefur stóraukist á síðastliðnum mánuðum og er mörgum heimilum lágtekjufólks að blæða út sökum þess. Það liggur fyrir að verkamaður sem starfar á berstrípuðum lágmarkslaunum hefur verið þvingaður til að afsala sér upp undir 100.000 krónum vegna samkomulaga ASÍ og SA um frestun á áður umsömdum launahækkunum.

Stjórn Verkalýðsfélags Akraness vill að það komi skýrt fram að N1 hefur fulla heimild til að standa við þann kjarasamning sem gerður var þann 17. febrúar 2008 og fara þar af leiðandi ekki eftir því samkomulagi sem SA og ASÍ gerðu, enda eru kjarasamningar einungis lágmarkssamningar.

Virðingarfyllst,

  
Vilhjálmur Birgisson, formaður